Nd. **573. Frumvarp til laga** [223. mál]

um breyting á lögum nr. 52 28. apríl 1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. apríl.)

1. gr.

Á eftir 15. gr. laganna komi nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal útflutningsgjald af saltfiski, framleiddum á árinu 1984, vera 4% af fob-verðmæti. Sama gildir um skreið, sem framleidd var fyrir 31. desember 1983 og ógreidd var á þeim degi.

Jafnframt er ráðherra heimilt að lækka eða fella niður útflutningsgjald af fóðurlýsi sem er framleitt á árunum 1984 og 1985, enda flytji framleiðandi það út undir íslensku vörumerki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.